

## Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

### 1. gr.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar er staðsett í Mosfellsbæ og rekið, sem sérstök rekstrareining undir fjármála- og stjórnsýslusviði, af bæjarfélaginu undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Umdæmi safnsins er Mosfellsbær.

Héraðsskjalavörður fer með daglega stjórn Héraðsskjalasafns.

Safnið lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands.

### 2. gr.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar starfar samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, og reglugerð um héraðsskjalasöfn, nr. 283/199

### 3. gr.

Héraðsskjalasafnið skal samkvæmt 3.-5. gr. reglugerðar um héraðsskjalasöfn annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum og á allan hátt leitast við að varðveita og efla þekkingu á sögu síns umdæmis. Héraðsskjalasafnið skal m.a. varðveita skjalasöfn þeirra embætta, stofnana og félaga, sem hér greinir, sbr. 5. gr. reglugerðar, um afhendingarskyldu:

1. Bæjarstjórnar,
2. sýslu- og héraðsnefnda,
3. byggðasamlaga,
4. hreppsnefnda,
5. hreppstjóra,
6. bæjar-, sýslu-, héraðs- og hreppsfyrirtækja, -stofnana og -embætta,
7. sáttanefnda,
8. forðagæslumanna,
9. yfir- og undirskattanefnda,
10. undirfasteignamatsnefnda,
11. skólanefnda, barnaverndarnefnda og annarra nefnda á vegum Mosfellsbæjar,
12. héraðsfunda,
13. sóknarnefnda,
14. sjúkrasamlaga,
15. búnaðarsambanda,
16. ræktunarsambanda,
17. hreppabúnaðarféлага,
18. búfjárræktarféлага,
19. skógræktarféлага,
20. íþróttá- og ungmennaféлага,
21. lestrarféлага,
22. slysavarna- og björgunarféлага,
23. leikféлага og annarra menningarféлага, þ.á m. kvenféлага,
24. annarra féлага, fyrirtækja og stofnana sem bæjarstjórn tekur ákvarðanir um.

Skipi bæjarstjórn, héraðsfundir eða sóknarnefndir trúnaðarmenn eða nefndir sem ekki er getið í upptalningunni hér að framan, skulu öll skjalagögn slíkra trúnaðarmanna eða nefnda afhendingarskyld til Héraðsskjalasafnsins.

Héraðsskjalasafnið skal leitast við að eignast eftirtökur af öðrum skjölum sem varða héraðið og ekki fást í frumriti. Jafnframt safnar Héraðsskjalasafnið markverðum

skjölum einstaklinga og félagasamtaka sem ekki eru skilaskyld til safnsins, auk ljósmynda, hljóð- og myndbanda sem varða sögu héraðsins eða íbúa þess á einhvern hátt.

Um túlkun á hugtakinu skjal samkvæmt samþykkt þessari, vísast til 2. mgr. 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

4. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar leggur Héraðsskjalasafninu til rekstrarfé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun bæjarins á hverjum tíma.


Um bókald og reikningsskil Héraðsskjalasafnsins fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

5. gr.

Samþykkt þessi, og breytingar sem kunna að verða gerðar á henni, öðlast gildi að fengnu samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Samþykktin og breytingar á henni skulu einnig lagðar fyrir þjóðskjalavörð til staðfestingar.

Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, 10. október 2001

Staðfest af þjóðskjalaverði, 24. október 2001



Ólafur Ásgeirsson  
þjóðskjalavörður